

Fundargerð

Efni fundarins: Aðalfundur VR 2016

Fundarstaður og dagsetning: Hótel Hilton Reykjavík Nordica, 29. mars 2016, kl. 19:30.

Mættir: 90 félagsmenn VR

Fundarritari: Árni Leósson

Málsnúmer í One: 1512076

Dagskrá

1. Kosinn fundarstjóri

Ólafía Björk Rafnsdóttir, formaður VR, setti fund kl. 19:30 og bauð fundargesti velkomna til aðalfundar VR 2016. Að því búnu stakk hún uppá að Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR, yrði fundarstjóri. Ekki komu fram aðrar tillögur og var Guðmundur því kosinn fundarstjóri með lófataki og tók hann þá við stjórn fundarins.

Guðmundur sagði að fundarboð hafi verið samkvæmt 23. gr. laga félagsins og hefði hann kannað að öllum skilyrðum hafi verið fullnægt og lýsti fund löglega boðaðann.

2. Kosinn ritari

Guðmundur stakk uppá því að Árni Leósson, sviðsstjóri hjá VR, yrði fundarritari. Ekki komu fram aðrar tillögur og var Árni því kosinn fundarritari með lófataki og hóf ritun fundargerðar.

3. Veiting gullmerkis VR

Guðmundur óskaði eftir leyfi fundarins til þess að bregða út af hefðbundinni dagskrárröð svo veita mætti tveimur félagsmönnum gullmerki félagsins. Engar athugasemdir komu við því og tók þá Ólafía Björk til máls og bað þau Elínu Elíasdóttur og Val M. Valtýsson að stíga fram.

Afhenti hún þeim gullmerkin og blómvendi og sagði m.a. að Elín hafi verið félagsmaður í VR í samfelld 52 ár og í rúmlega 20 ár var hún mjög virkur þáttakandi í öllu félagsstarfi VR þar sem hún sat í stjórn félagsins, m.a. sem varaformaður VR í 3 ár. Áhugi Elínar á félagsstörfum VR og uppyggingu á orlofssvæðum félagsins auk ómetanlegrar vinnu og tíma sem hún hefur gefið féluginu gerir hana að sérstaklega verðugum handhafa gullmerkis félagsins. Félagið og öll stétt verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi stendur í þakkarskuld við Elínu.

Um Val sagði hún m.a. að hann hafi verið félagsmaður VR í samfelld 47 ár og þar af heil 30 ár í trúnaðarráði og 10 ár í stjórn VR. Val sagði hún sérlega vel að því kominn að vera sæmdur gullmerki félagsins þar sem hann hafi ekki aðeins gefið af tíma sínum og starfsorku við stjórn félagsins heldur hann ávalt sýnt sérstaklega mikla trúmennsku og áhuga fyrir öllum þeim verkefnum sem hann hefur verið beðinn um að taka að sér. Fáir hafa mætt eins vel á alla fundi félagsins og því óhætt að segja að hann hafi með miklu og löngu félagsstarfi hjá VR lagt þung lóð á vogarskálar stéttarbaráttu verslunar- og skrifstofufólks á landinu.

Að þessu sögðu var gullmerkishöfum fagnað með lófataki og stóðu fundargestir á fætur þeim til heiðurs.

Undir þessum dagskrálið bað Ólafia Björk síðan annan félagslega kjörinna skoðunarmanna félagsins, Hildi Mósesdóttur, að stíga fram. Sagði hún að bæði Hildur og Halldór Halldórsson, sem boðað hafði forföll á fundinn, væru nú að hætta sem skoðunarmenn og þakkaði hún þeim fyrir vel unnin störf þeirra og afhenti Hildi blómvönd sem þakklætisvott undir lófataki fundarmanna.

4. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsá

Ólafia Björk flutti nú skýrslu stjórnar og kom m.a. fram í máli hennar að kjaramálín hafi sett svip sinn á það starfsár stjórnar VR sem nú er að liða. Tvívegis var skrifað undir kjarasamninga við atvinnurekendur og tvívegis gengu félagsmenn VR til atkvæða um samningana og samþykktu þá í bæði skiptin. Svo gengu félagsmenn til atkvæða um allsherjarverkfall og er það í fyrsta skipti í nær þrjá áratugi sem félagið ber slíkar aðgerðir undir atkvæði.

Ræddi hún þá lok verkefnis sem bar heitið Starf og sneri að vinnumiðlum og öðrum aðgerðum til að efla atvinnuleitendur. Um var að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára – verkefni sem skilaði miklum árangri. Þegar verkefninu lauk ákvað VR að halda áfram þjónustu við þá félagsmenn sem eru í atvinnuleit - en á sínum forsendum.

Sérfræðingar VR á sviði kjaramála fengu inn á sitt borð hátt í sextán hundruð mál á síðasta ári sem er örlítil aukning frá fyrra ári. Teikn eru á lofti um aukinn hreyfanleika á vinnumarkaði sem er ánægjulegt.

Sjúkrasjóður VR er ein meginstoð þjónustu félagsins við félagsmenn og stendur sjóðurinn styrkum fótum. Rétt rúmlega eitt þúsund félagsmenn fengu styrkveitingu af einhverju tagi úr Sjúkrasjóði á árinu 2015 sem er um eitt hundrað fleiri en árið áður. Það sem vekur athygli er mikil aukning í greiðslu sjúkradagpeninga vegna geðraskana og stoðkerfisvandamála á síðustu árum. Þetta er þróun sem við verðum að bregðast við og vera meðvituð um líðan fólks á vinnumarkaði. Virk starfsendurhæfingarsjóður, sem stofnaður var á grundvelli kjarasamninga árið 2008, er mikilvægur hlekkur í þeirri þjónustu.

Fræðslumálin hafa síðustu ár verið í ofarlega í forgangsröðinni. Breytingar hafa verið gerðar á reglum starfsmenntasjóðanna á síðustu tveimur árum og ljóst að þær hafa skilað miklum ávinningi. Markmiðið var m.a. að hvetja félagsmenn til frekari þátttöku í símenntun.

Annað sem einnig hefur verið ofarlega á lista hjá VR síðustu ár er jafnrétti kynjanna. VR hefur reyndar barist fyrir jafnrétti síðustu áratugi, með ágætum árangri. Þó að dregið hafi saman með kynjunum benda tölur til þess að við þurfum að bíða í rúma tvo áratugi eftir því að kynin fái sömu laun fyrir sömu vinnu.

Í ár á Alþýðusamband Íslands eitt hundrað ára afmæli. Af því tilefni hefur ASÍ ákveðið að standa fyrir stofnun almenns íbúðalánafélags. Hér er um að ræða merk tímamót sem við hjá VR fögnum mjög, enda höfum við lagt áherslu á að finna verði lausn á húsnæðisvandanum. Sagðist Ólafia Björk binda miklar vonir við nýtt íbúðalánafélag og trúir því að við sjáum fram á bjartari tíma.



Að loknum flutningi skýrslu stjórnar spurði fundarstjóri fundarmenn hvort athugasemd væri gerð við það að áður en að umræður hæfust um skýrslu stjórnar myndi Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR fara yfir reikninga félagsins fyrir liðið starfsár og að það yrðu svo sameiginlegar umræður um skýrslu stjórnar og reikninga á eftir ávarpi Stefáns. Engar athugasemdir voru gerðar við það og var því gengið til næsta dagskráliðar.

5. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR fór nú yfir öll helstu atriði reikninga félagsins. Kom þar m.a. fram að nú væru breytingar á reikningsskilum milli ára þannig að gert sé ráð fyrir áföllnum fjármagnstekjuskatt sem ekki hefur verið gert áður og leigutekjur vegna orlofshúsa eru tekjufærðar þegar hús leigist í stað þess að áður voru þær tekjufærðar við greiðslu.

Um afkomu ársins 2015 kom m.a. fram að tekjur hafi aukist um 8,73% milli ára, gjöld hafi aukist um 13,2%, fjármagnsliðir hækkað um 100% og hreinar tekjur til ráðstöfunar hækkuðu um 35,2% og voru 841 milljón kr. árið 2015.

Varðandi bætur og styrki þá hækkuðu þær greiðslur um 132 milljónir kr. og greiðslur úr varasjóði hækkuðu um 40 milljónir kr.

Þessu næst fór Stefán yfir rekstrartekjur en tekjur aukast um 246 milljónir kr. á milli ára þar sem iðgjaldatekjur aukast um 8,9%. Sagði hann svo frá skiptingu iðgjalda og því næst kom yfirlit yfir rekstrargjöld en segja má að iðgjöld og skattar aukist í takt við hækjun iðgjalda í félagssjóð milli áranna 2014 og 2015. Auking er á útgreiðslu sjúkradagpeninga og greiðslna úr VR varasjóði og einnig er aukning í rekstri orlofshúsa og vegna meiri sölu gjafabréfa flugfélaganna. Ýmsar aðrar skýringar eru á hækjun m.a. komu út 5 VR blöð í stað 4 árið 2014 og svo voru haldnar 3 kosningar árið 2015 í stað tveggja árið á undan. Rekstrargjöld alls voru 2,8 milljarðar kr. sem er aukning um 330 milljónir kr. milli ára.

Næst fór Stefán nokkuð ítarlega yfir skiptingu sjúkradagpeninga þar sem fyrst og fremst er aukning í sjúkdómaflokum geð- og stoðsjúkdóma eins og verið hefur síðustu ár en þar er fyrst og fremst um að ræða fjölgun bótaþega fremur en hækjun fjárhæða til útgreiðslu. Hlutfall sjúkradagpeninga af sjúkrasjóðsíðgjöldum er nú komið uppi 63,8% og það er með því hæsta sem við höfum séð utan hrúnárið 2009 þegar hlutfallið fór í 69,1%.

Varðandi VR varasjóð þá voru greiddar út 527 milljónir kr. sem er 8,1% aukning frá fyrra ári og fengu um 2% fleiri félagsmenn útgreitt en að jafnaði fær hver félagsmaður greiddar 36.157 kr. útgreitt úr VR varasjóði. Eins og áður voru langflestir greiðslur vegna forvarna/líkamsræktar eða 73,1%.

Stefán skýrði nú fjármagnsliði en nafnávöxtun á sjóðum félagsins var 7,75% og raunávöxtun 5,64% þannig að fjármagnsliðir alls voru 606 milljónir kr. sem er hækjun um 303 milljónir kr. frá árinu 2014.

Þá skýrði Stefán þróun ávöxtunar eignasafns VR þar sem helstu skýringar voru þær að ávöxtun á skuldabréfasafni sé hækkandi en lækkun var á ávöxtunarkröfu á árinu 2015 en einnig mikil hækjun innlendra hlutabréfa á árinu. Varðandi fjárfestingastefnu VR þá er hún óbreytt en þetta er varfærin stefna þar sem 79% fjárfestinga eru í skuldabréfum með ábyrgð



ríkisins en VR á nú 9,1 milljarð króna í verðbréfum og verðbréfasjóðum þar sem skuldabréf eru 68,7%, hlutabréf 20,7% og innlán 10,6%.

Varðandi efnahagsreikning þá eru eignir VR nú 10,3 milljarðar króna sem er aukning um 652 milljónir kr. milli ára. Eignfærslur á árinu 2015, sem ekki var gjaldfært, voru samtals 34,2 milljónir kr. Stefán skýrði svo skuldir og eigið fé en eiginfjárlutfall er 96,9%.

Fór Stefán næst yfir helstu tölur rekstrarreikninga sjóða VR þar sem kom m.a. fram að viðsnuningur frá taprekstri sjúkrasjóðs fyrr ára en það varð er 18 milljón kr. rekstrarhagnaður á sjóðnum fyrir fjrámagnsliði sem er ánægjuefni.

Þá fór Stefán yfir helstu lykiltölur VR 2015 þar sem kom m.a. fram að fjöldi félagsmanna væri nú 31.203 sem er 2,7% fjölgun frá árinu 2014. Athyglisvert er hve félagsmenn eru nú í mun meira mæli að afgreiða sig sjálfir með rafrænum hætti og má sjá þess merki í því að afgreiðslum á skrifstofu fækkar um 20,5%, símtölum fækkar um 3,6% en á móti fjölgihemsóknum á www.vr.is um 50% og póstum á vr@vr.is fjölgar um 15,5%.

Næst ræddi hann lykiltölur á hvern félagsmann þar sem má nefna t.d. að hver félagsmaður hringir að meðaltali tvisvar á ári til félagsins og heimsækir heimasíðu VR 7,5 sinnum á ári.

Í ársreikningi nú er gerð tillaga um að framlag í VR varasjóð vegna ársins 2015 verði 550 milljónir kr. og til viðbótar aukaframlag vegna ársins 2014 kr. 8.792.286. Skipting upphæða sé eins og árið á undan þ.e. 76% komi úr sjúkrasjóði og 24% úr orlofssjóði.

Að þessari yfirferð lokinni sagði fundarstjóri að orðið væri nú laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Umræður:

a. **Benedikt** spurði um ástæðu lækkunar fastafjármuna.

Stefán svaraði og sagði ástæðuna þá að lítið hafi verið fjárfest árinu 2015 og afskriftir hafi verið meiri en fjárfestingar á árinu 2015.

b. **Jóhann** spurði um húsnaðismál og óskaði eftir að fá að vita um vinnu innan VR í þeim málaflokk.

Ólafia Björk svaraði og sagði lauslega frá vinnunni við nýja húsnaðisleigufélagið en vísaði á Bjarna Þór Sigurðsson formann húsnaðisnefndar VR með nánari svör um vinnuna hjá VR. **Bjarni Þór** fór þá yfir helstu atriðin í vinnu húsnaðisnefndar VR og skýrði einnig nánar frá vinnu við nýja húsnaðisleigufélagið.

c. **Jóhanna S.** þakkaði fyrir góðar skýrslur og sagði að gott væri að hagnaður væri en hvort ástæða væri til að VR safni fé og hvort rætt hafi verið að lækka félagsgjöld?

Ólafia Björk sagði að lækkun félagsgjalda hafi ekki komið til umræðu innan stjórnar. Við verðum að passa að hafa sterka innviði í félaginu eins og t.d. í sjúkrasjóði en þetta atriði muni verða skoðað af nýrri stjórn. Hins vegar væri gaman að geta þess að verið væri að skoða ýmsa þætti varðandi millitekjuhópa í VR t.d. væru fyrirhuguð ný rafræn félagsskírteini sem gæfu marga spennandi möguleika.



Að loknum þessum umræðum bar fundarstjóri upp eftirfarandi tillögu um framlag í VR varasjóð:

"Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 29. mars 2016, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 550.000.000 kr. fyrir árið 2015 auk viðbótar framlags að upphæð 8.792.286 kr. vegna ársins 2014."

Samþykkt samhljóða.

Þá bar fundarstjóri upp til samþykktar reikninga félagsins eins og þeir höfðu verið lagðir fram og kynntir.

Samþykkt samhljóða.

6. Reglugerðarbreytingar Sjúkrasjóðs VR

Rannveig Sigurðardóttir, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, fór nú yfir tvær breytingatillögur stjórnar á Reglugerð sjóðsins en þær voru eftirfarandi:

Breyting nr. 1 – gr. 9.5

Greinin fyrir breytingu:

9.5 Ef verulegar breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá einyrkja eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Sama gildir um iðgjaldagreiðslur aftur í tímum og ef aðilar með stöðu einyrkja hafa nýlega gengið í félagið.

Eftir breytingu (breytingar í rauðu letri):

Ef breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá sjálfstætt starfandi eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Sama gildir um iðgjaldagreiðslur aftur í tímum og ef aðilar með stöðu sjálfstætt starfandi hafa nýlega gengið í félagið.

Til skýringar sagði Rannveig að lagt væri til að orðið "verulegar" falli á brott úr fyrstu málsgrein. Þetta er lagt til þar sem það er nokkuð teygjanlegt hugtak hvað teljast "verulegar" breytingar á tekjum þeim sem greidd eru af iðgjöld þannig að það kalli á breytt viðmiðunartímabil. Það er því betra að hafa ekki svo sterkt lýsingarorð í málsgreininni og best að sleppa því og það látið nægja að breytingar á upphæð iðgjalds geti kallað á endurskoðun forsendu útreiknings bótaréttar ef það er mat starfsmanna.

Þá er það svo að hugtakið "einyrki" var tekið út úr lögum félagsins á síðasta aðalfundi og í staðin er komið hugtakið "sjálfstætt starfandi" auk skilgreiningar á því hvað í því er fólgioð. Orðalag í Reglugerð sjúkrasjóðs þarf því að samræma við þessar breytingar og því er lagt til að orðinu einyrki sé skipt út fyrir sjálfstætt starfandi.

Breyting nr. 2 - 17. gr.

Greinin fyrir breytingu:

17. gr

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá liða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með svíksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot níu mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

Greinin eftir breytingu (breytingar í rauðu letri):

17. gr.

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá liða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með svíksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

Til skýringar sagði Rannveig að lagt væri til í síðustu setningu 17. greinar, sem varðar það þegar bóta er aflað með svíksamlegum hætti, að því sé breytt þannig að við þriðja brot á reglum skuli bótaréttur ekki verða aftur til fyrr en eftir sex mánuði í stað níu mánaða. Samkvæmt ábendingu frá ASÍ er réttara að þetta séu 6 mánuður sem er það sama og upphafsvinnslutímabil bótaréttar samkvæmt viðmiðunarreglum ASÍ fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga.

Að þessum skýringum loknum gaf fundarstjóri orðið laust um þessar tvær breytingatillögur.

Umræður:

- a. **Petrína** spurði hvort mikið væri um það að verið væri að svíkja út fé úr sjóðnum.
Rannveig svaraði því til að alltaf væri eithvað um það og því nauðsynlegt að hafa reglur þar um.



b. Jóhann spurði hvað meint væri með hugtakinu "fjölskyldumeðlimir rekstraraðila smærri fyrirtækja".

Guðmundur svaraði því til að þarna væri vísun í nána ættingja sem starfi hjá fjölskyldufyrirtæki en auðvelt sé að skrá tímabundið á þá hærri laun til að kaupa rétt.

Rannveig sagði í þessu sambandi að þetta væri sniðið út frá fyrirmynnd frá Ábyrgðarsjóði launa en þar eru sérstakar reglur um þá sem eru í nánum tengslum við rekstraraðila.

EKKI TÓKU FLEIRI TIL MÁLS UM TILLÖGURNAR OG BAR FUNDARSTJÓRI ÞÁ FYRST UPP BREYTINGARTILLÖGU NR. 1 UM BREYTINGU Á GR. 9.5.

Samþykkt samhljóða.

Þá bar fundarstjóri upp breytingartillögu nr. 2 um 17. gr.

Samþykkt samhljóða.

Að lokum bar fundarstjóri þá upp Reglugerð sjúkrasjóðs VR í heild sinni með áorðnum breytingum.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerðin er því í heild sinni eftirfarandi með áorðnum og samþykktum breytingum:

Reglugerð Sjúkrasjóðs VR

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

1.1 Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður VR.

1.2 Sjúkrasjóður VR er stofnaður með tilvisun til laga nr. 19, 1. maí 1979.

1.3 Sjúkrasjóður VR er eign VR. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Verkefni sjóðsins

2.1 Verkefni sjóðsins er að veita félagsmönnum VR fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum.

2.2 Verkefni sjóðsins er enn fremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum er snerta starfsöryggi og heilsufar.

2.3 Sjóðurinn getur einnig varið fé til aðila sem vinna að bættu heilsufari.

2.4 VR er heimilt að taka að sér aðstoð við félagasamtök, sem um það semja, varðandi ofangreint verkefni.

2.5 Aðalfundi hverju sinni er heimilt að ákveða að hlutfall af iðgjaldi félagsmannna í Sjúkrasjóð VR renni inn í VR varasjóð og greiðist út samkvæmt reglugerð um VR varasjóð.

3.gr.

3.1 Heimilt er að stofna til samstarfs við önnur félög um rekstur sjúkrasjóða.

4. gr. Tekjur

4.1 Tekjur sjóðsins eru samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins skv. kjarasamningum VR á hverjum tíma sbr. 7. gr. laga nr. 19, 1. maí 1979.

4.2 Vaxtatekjur og annar arður.

4.3 Gjafir, framlög og styrkir.

4.4. Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

5. gr. Stjórn og rekstur

5.1 Stjórn VR er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.

5.2 Stjórn VR er heimilt að fela fimm mönnum framkvæmdastjórn sem fer með stjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kýs sér formann.

5.3 Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við almennar stjórnsýslureglur.

5.4 Fjárreiður og umsjón með sjóðnum annast skrifstofa VR.

5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir allan kostnað, sem af rekstri hans leiðir.

5.6 Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um rétt félagsmanns til greiðslu úr sjóðnum.

5.7 Stjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur bóta og aðra starfstilhögur.

6. gr. Reikningar og endurskoðun

6.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af löggiltum endurskoðanda og félagslegum skoðunarmönnum félagsins fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

6.2 Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunararfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.

6.3 Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks.

7. gr. Úttekt óháðra eftirlitsaðila

7.1 Annað hvert ár skal framkvæmdastjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

7.2 Stjórn sjóðsins skal ávallt gæta þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

8. gr. Ávöxtun sjóðsins

8.1. Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftifarandi hætti:

- a) í ríkisskuldbréfum, í skuldbréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) í bönkum eða sparisjóðum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðsins,
- e) á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan.

9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

9.1 Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.4, 9.6, 9.7 og 9.8.

9.2 Þeir sem greitt hafa iðgjald til Sjúkrasjóðs VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysadagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.frv., þarf að hafa greitt iðgjald til Sjúkrasjóðs VR samfellt í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar. Heimilt er að dagpeningagreiðslur, styrkir og dánarbætur séu greidd m.v. starfshlutfall.

9.3 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félagini.

9.4

a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim atvinnuleitendum sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir skráningu á atvinnuleyssskrá.

b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum.

9.5 Ef verulegar breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá sjálfstætt starfandi eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrirtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Saman gildir um iðgaldagreiðslur aftur í tímann og ef aðilar með stöðu sjálfstætt starfandi hafa nýlega gengið í félagið.

9.6 Heimilt er að veita rétt til dánarþóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.

9.7 Framkvæmdastjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarna- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

9.8 Styrkir og fjármamlög til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. 2. gr.

9.9 Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokkar vegna fæðingarorlofs, slysatrygginga og annarra heilsufarstrygginga.

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

Sjúkrasjóðurinn skal að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur félru niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði skal meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama slysa- og/eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Í upphafi félagsaðildar (fyrstu 270 dagana) skal ekki greiða sjúkra- og slysadagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félagsmann i sjúkrasjóðinn og er þá miðað við þann dag sem greiðslan hefst. Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.3.

Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, yngri en 18 ára, í allt að 270 daga og vegna langvarandi veikinda maka í allt að 3 mánuði. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.

Eigi félagsmaður rétt til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra- eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem upp á vantar í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.

Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málid verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Hvert samfellt greiðslutímabil er 270 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennpá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

12. gr. Slysabætur

Sjúkrasjóður greiðir slysabætur sem hér segir:

Bætur vegna varanlegrar örorku vegna slyss í frítíma:

Bætur vegna varanlegrar örorku, 10% eða meira, greiðast í hlutfalli við bótafjárhæð sem kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni, þó þannig að hvert örorkustig 26-50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig 51-100% virkar fjórfalt.

Bætur vegna slysa barna félagsmanna, yngri en 18 ára, þ.e. dánarbætur og örorkubætur vegna slyss eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Slysabætur greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Auk þess greiðast ekki slysabætur ef slys eða óvinnufærni má rekja til ásetnings, ölvunar eða stórkostlegs gáleysis.

Bætur vegna tímabundinnar örorku falla undir sjúkra- og slysadagpeninga, skv. gr.10.

13. gr. Lausn frá greiðsluskyldu

Ef farsóttir, nátturuhamfarir eða önnur stór áföll geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur stjórn sjóðsins ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð bóta, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin. Sé nauðsynlegt að skerða bætur vegna fjárhags sjóðsins skulu sjúkra- og slysadagpeningar skerðast minnst og njóta forgangs umfram aðra bótaflokka eða útgreiðslur.

14. gr. Fyrning bótaréttar

Réttur til bóta eða styrkja úr sjóðnum fyrnist sem hér segir:

Dagpeningar, slysa- og dánarbætur fyrnast á 24 mánuðum frá því að réttur til bóta myndast. Aðrar greiðslur og styrkir fyrnast á 12 mánuðum frá því að réttur til greiðslu skapaðist.

15. gr. Endurgreiðsla iðgjalda

Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

16. gr. Upplýsingaskylda

16.1 Stjórn sjóðsins ber að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra samkvæmt reglugerð sjóðsins með kynningu á vefsíðu félagsins.

16.2 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ árlega; ársreikning sjóðsins auk mats á framtíðarstöðu á 5 ára fresti.

16.3 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ allar breytingar sem gerðar kunna að vera á þessari reglugerð.

17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

18. gr. Úrskurðarnefnd VR

Heimilt er að kæra ágreining sem rís um túlkun reglna, grundvöll, skilyrði og fjárhæð dagpeninga, styrkja og annarra greiðslna úr sjóðnum til úrskurðarnefndar VR sem skipuð er af stjórn félagsins. Hlutverk úrskurðarnefndar VR er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga og reglna VR.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að viðkomandi félagsmanni eða aðila er tilkynnt um ákvörðun Sjúkrasjóðs VR og nánar eftir gildandi reglum um úrskurðarnefnd VR hverju sinni.

19. gr. Breytingar á reglugerðinni

Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi VR.

7. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs

Fundarstjóri lýsti nú kjöri stjórnar vegna kjörtímabilsins 2016 – 2018 en kosningum lauk þann 15. mars 2016. Eftirtaldir hlutu kosningu:

Aðalmenn:

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Dóra Magnúsdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Sigurður Sigfússon
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Varamenn:

Ólafur Reimar Gunnarsson
Harpa Sævarsdóttir
Sigmundur Halldórsson

Þá næst lýsti fundarstjóri kjöri trúnaðarráðs VR en ekki kom móttframboð við lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sem var því sjálfkjörinn en hann er eftirfarandi:

Aðalheiður Signý Óladóttir
Alexander Þórsson
Ágústa Harðardóttir
Benedikt Geirsson
Benedikt Ragnarsson
Benedikt Vilhjálmsson
Bergþóra Eiðsdóttir
Bjarni Gaukur Þórmundsson
Edda Svandís Einarsdóttir
Elías G Magnússon
Friðrik Sturlaugsson
Geir Andersen
Guðfinna Helgadóttir
Guðjón Steinarsson
Guðrún Indriðadóttir

Guðrún Þórssdóttir
Hafdís Erla Kristinsdóttir
Halldór Halldórsson
Halldóra Magnúsdóttir
Helga Bryndís Jónsdóttir
Hildur Mósesdóttir
Ingi Guðmundur Ingason
Ingibjörg Baldursdóttir
Ingibjörg H Hjartardóttir
Ingibjörg Kristín Barðadóttir
Jóhann Bjarni Knútsson
Jóhanna S Rúnarsdóttir
Jón Ingi Kristjánsson
Jóna Matthildur Jónsdóttir
Linda Rós Reynisdóttir
Magnús Þorsteinsson
Pálmi Viðar Harðarson
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
Sæmundur Karl Jóhannesson
Unnur Elva Arnardóttir
Unnur María Pálmadóttir
Viðar Kristinsson
Þorgerður Jóhannsdóttir
Þóra Skúladóttir Öfþörð
Þórður Mar Sigurðsson

Að þessu búnu og að kjöri þeirra lýstu var þessum aðilum fagnað með lófataki.



8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslegra kjörinna skoðunarmanna.

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tillögu um endurskoðunarstofu fyrir félagið:

"Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 29. mars 2016, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2016."

Enginn óskaði eftir því að ræða tillöguna og var hún þá næst borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Þá kynnti fundarstjóri eftirfarandi tillögu um félagslega kjörna skoðunarmenn:

"Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 29. mars 2016, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR verði Benedikt Vilhjálmsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir."

Enginn óskaði eftir því að ræða tillöguna og var hún þá næst borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

9. Ákvörðun félagsgjalds (sbr. 9. gr. laga VR)

Fundarstjóri kynnti nú eftirfarandi tillögu um félagsgjald í VR:

"Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 29. mars 2016, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 20 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma."

Enginn óskaði eftir því að ræða tillöguna og var hún þá næst borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

10. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

Birgir Már Guðmundsson formaður launanefndar VR gerði nú grein fyrir tillögu launanefndar um laun stjórnarmanna sem var eftirfarandi:

"Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 29. mars 2016, samþykkir að stjórnarlaun hækki um 6,2% og verði 43.669 kr. á mánuði. Fyrsti varamaður fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, aðrir varamenn fái 21.835 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, en þó aldrei meira en laun sem aðalmaður fengi. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði. Tillaga að framvegis hækki/lækki stjórnarlaun miðað við launavísitölu VR."

Enginn óskaði eftir því að ræða tillöguna og var hún þá næst borin upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum utan þess að einn var á móti.

11. Önnur mál

- a. **Jóhann Már Sigurbjörnsson** þakkaði fyrir svör um húsnæðismál. Ræddi hann svo húsnæðismál en hann vill sjá meira um vinnu VR á þessu sviði t.d. í næstu ársskýrslu. Spurði hann svo að lokum hvort VR hefði ákveðið að fara af stað með leigufélag fyrir millitekjuhópana fremur en láglaunahópana eins og nú hefur verið ákveðið.
- b. **Ragnar Þór Ingólfsson** ræddi einnig húsnæðismálín og fannst honum lítið til koma vinnu ASÍ í þeim sem öðrum málum, síðan ræddi hann um vaxtaokur, neytendavernd ofl. Finnst honum verkalýðshreyfingin of aðgerðalaus í öllum þessum brýnu málum.
- c. **Ólafía Björk Rafnsdóttir** ræddi hugleiðingar Ragnars Þórs og sagði þær gera lítið úr mikilli og góðri vinnu okkar að húsnæðismálum sem unnið hefði verið að til hagsbóta fyrir félagsmenn.
- Þá ræddi hún næst hugleiðingar Jóhanns Más – sagði vinnuna nú vera hugsaða sem byrjunina og síðan verði haldið áfram ef vel tekst til. Hámarksleiga verði 24% af launum leigjenda. Við undirbúning kynntu þau sér mikla vinnu sem hefur verið gerð í t.d. Danmörku en hún lýsti einnig yfir áhuga á því að skoða þessi mál áfram og þá í samvinnu við Jóhann Má. Alveg sé ljóst að VR er ekki að fara að stýra íbúðaleigufélagi heldur verður ráðið í það fólk sem kann til verka, þetta eru byrjunarskref en við víkkum svo vonandi út starfið og við getum verið stolt af þessu.
- d. **Rannveig Sigurðardóttir** ræddi stofnun oldungaráðs VR – sagði hún að mikil og góð vinna hefði verið lögð í það verk og vildi hún þakka innilega öllum þeim sem lögðu hönd á plöginn við það með henni.
- e. **Bjarni Þór Sigurðsson** ræddi áfram húsnæðismálín. Sagði hann að allir aðilar væru sammála því að ófremdarástand ríkti á þessum markaði. Þetta er vonandi byrjunin á góðu húsnæðiskerfi. Mikil vinna hefur farið í þetta og því fylgt seta á fjölda funda enda sé þetta brýnt verkefni.
- f. **Ragnar Þór Ingólfsson** ræddi áfram vinnu við húsnæðismálin og vinnu sem þarf að leggja í vegna verðtryggingar og vaxta sem að hans mati hefur hvorki verið rætt um á vettvangi ASÍ eða stefnumótunarfundum VR. Þá taldi hann að lítil þátttaka í kosningum um síðasta kjarasamning hefði valdið því að ekki varð rétt niðurstaða því hann væri þess fullviss að samningar hefðu verið felldir ef allir hefðu sagt sitt álit.
- g. **Jóhann Már Sigurbjörnsson** ræddi stöðu millitekjuhópsins innan félagsins og möguleika þess að stofna sérstakt leigufélag fyrir þann hóp. Vill hann meiri umfjöllun um þessi mál á vettvangi VR.
- h. **Petrína Ragna Pétursdóttir** ræddi millitekjulaun og sprýr hver þau séu? Svo spurði hún hvort ekki mætti líka byggja húsnæði fyrir þá sem eru eldri en 60 ára því margir þeirra séu í of stóru húsnæði.

Guðmundur svaraði því til að millitekjur í VR væru um 550 þús. kr. og að þess mætti geta að VR hefði byggt sérstaka íbúðablokk á níunda áratugnum fyrir eldri félagsmenn sem var okkur dýrt og erfitt mál.




i. **Ólafia Björk Rafnsdóttir** tók svo að lokum til máls og þakkaði fundarmönum fyrir góða mætingu á aðalfundinn. Hún vildi þó, í ljósi umræðna, leggja áherslu á það að við værum í lýðræðislegu félagi og að yfir 90% félagsmanna innan ASÍ hefðu samþykkt kjarasamninginn og alveg sé óþarfi að finna til aðrar skýringar en lýðræðislega niðurstöðu kosninga. Menn verði að kunna að virða lýðræðislegar niðurstöður og sem dæmi fylgjum við hjá VR alltaf eftir álið meirihlutans í okkar stefnumótunarvinnu.

Þá sagðist hana hlakka til að hitta nýja stjórn og að halda áfram að gera góða hluti enn betri.

Að lokum óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og var það samþykkt með lófataki.

Að því búnu sleit fundarstjóri fundi kl. 21:22.

Árni Leòsson, fundarritari


Guðmundur B. Ólafsson, fundarstjóri